



Ársskýrsla 2012

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Saga, hlutverk og markmið	4
Hlutverk Birtu.....	5
Markmið	6
Stjórn og stjórnarfundir	6
Þjónustusamningur	8
Starfsfólk, endurmenntun og námskeið	9
Endurmenntun og námskeið:	9
Samstarfsaðilar	9
Samstarf við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar	10
Starfið hjá Birtu á árinu 2012	11
Þátttakendur í starfsendurhæfingu	11
Búseta þátttakenda	12
Endurhæfingin	13
Námskeið í boði á vorönn	13
Fyrirlesarar	14
Námskeið í boði á haustönn	14
Einstaklingsmiðuð endurhæfing á árinu 2012	15
Starfskynningar	16
Hópefli og tilbreyting	17
Útskrift	17
Mat á árangri og söfnun tölulegra upplýsinga.....	18
Lokaorð	18

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfsemi Birtu, Starfsendurhæfingar Suðurlands á árinu 2011. Í skýrslunni verður farið sögu, hlutverk og markmið Birtu. Farið verður yfir starfið á árinu, þátttakendur og innihald endurhæfingar. Einnig verður fjallað um samstarf við fagaðila og þjónustustofnanir og mat á árangri. Skipan starfsendurhæfingarmála á Íslandi voru í miklum ólestri á árinu og skortur á heildarsýn og samhæfingu. Í júní 2012 bar það til tíðinda að samþykkt voru lög á Alþingi um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsendurhæfingarsjóði sem tóku gildi 1. október sama ár. Þessi nýju lög fólu í sér viðamiklar breytingar á starfsemi starfsendurhæfingarstöðva á landsvísu þar sem þau fela í sér að ríkið gerir ekki lengur þjónustusamninga við stöðvarnar heldur kemur Virk til með að verða kaupandi að þjónustu hjá stöðvunum og fjármagna alla atvinnutengda starfsendurhæfingu.

Saga, hlutverk og markmið

Birta, starfsendurhæfing á Suðurlandi, er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var þann 19. maí 2009. Birta starfar að fyrirmynd annarra landshlutatengdra starfsendurhæfingarstöðva. Starfsendurhæfing Norðurlands var fyrsta starfsendurhæfingarstöðin á Íslandi og hóf hún starfsemi árið 2003. Í kjölfarið voru stofnaðar starfsendurhæfingarstöðvar í öðrum landshlutum. Starfsendurhæfingarstöðvar eru nú starfræktar á Norðurlandi, Vestfjörðum, Austurlandi, Suðurnesjum, Hafnarfirði og í Vestmannaeyjum.

Að stofnun Birtu komu sveitarfélög á Suðurlandi, fjölmargar stofnanir, stéttarfélög, lífeyrissjóðir og félagasamtök. Stofnaðilar Birtu eru; Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Rangárþing ytra, Sveitarfélagið Ölfus, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilsustofnun NLFÍ, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Suðurlandi, Vinnumálastofnun á Suðurlandi, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Fræðslunet Suðurlands, Stéttarfélagið Báran, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélagið FOSS, Verslunarmannafélag Suðurlands, Félag iðn- og tæknigreina, Festa lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga og Árnesingadeild Rauða Kross Íslands. Fjöldi stofnaðila endurspeglar þann mikla áhuga og samvinnu sem ríkti milli aðila við að koma á fót starfsendurhæfingarúrræði á Suðurlandi.

Við upphaf starfseminnar var gerður tilraunasamningur við Velferðarráðuneytið um tuttugu atvinnutengd endurhæfingarpláss á vorönn 2010. Þann 1. febrúar 2010 hóf Sandra

Guðmundsdóttir félagsráðgjafi störf hjá Birtu en hún hafði áður starfað sem verkefnastjóri með stjórn Birtu. Þann 1. mars byrjaði fyrsti hópurinn í starfsendurhæfingu. Á fyrstu önninni voru alls 18 þátttakendur í starfsendurhæfingu og á fyrsta árinu alls 30 einstaklingar. Á haustönn 2011 fjölgaði plássum hjá Birtu úr tuttugu í þrjátíu. Með þeirri aukningu var reksturinn betur tryggður og hægt að þjónusta fleiri einstaklinga. Á árunum 2009-2010 var Birta með starfsaðstöðu hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Eyravegi 25 á Selfossi. Við flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna í janúar 2011 fékk Birta starfsaðstöðu hjá sveitarfélaginu Árborg í gamla leikskólanum Ásheimum á Austurvegi 36. Í því húsi var jafnframt „Smiðjan“, miðstöð fyrir fólk án atvinnu, auk þess sem bifhjólasamtökin Postularnir og Myndlistafélag Suðurlands voru þar með aðstöðu. Starfsemi Birtu var á Austurvegi 36 út árið 2011 og flutti svo í janúar 2012 á Bankaveg í gamla Sandvíkurskóla sem stóð til að yrði breytt í þekkingarmiðstöð síðar á árinu. Skrifstofa Birtu var í þeim hluta hússins sem áður var aðstaða fyrir kennara. Auk Birtu voru náms- og starfsráðgjafar Fræðslunets Suðurlands þar með skrifstofur. Kennsla Birtu á vorönn 2012 fór fram í einni kennslustofu sem notuð var í húsinu ásamt Fræðsluneti Suðurlands og á gömlu kennarastofunni. Þátttakendur í Birtu voru ánægðir með að starf Birtu og skrifstofur voru nú að mestu í sama húsnæði. Á vormánuðum 2012 hófust framkvæmdir í húsinu. Starfsfólk og þátttakendur Birtu sýndu framkvæmdunum þolinmæði þrátt fyrir að oft væri mikill hávaði í húsinu, enda von á mun betri aðstöðu þegar framkvæmdum lyki og tekið yrði í notkun ný og betri aðstaða. Í nóvember þurfti að rýma þann hluta sem Birta hafði nýtt vegna framkvæmda. Skrifstofa Birtu flutti í kennslustofu 201 og kennsla fór fram í stofu 205 en framkvæmdum á þeim gangi var lokið í bili. Gengið var inn um útgang sem snýr út að Bankavegi meðan framkvæmdir fóru fram við aðalinngang hússins. Í lok desember voru skrifstofur á neðri hæð tilbúnar og fluttu starfsmenn þá inn í sitthvora skrifstofuna en höfðu fram til þessa deilt skrifstofu. Frá og með janúar 2013 var framkvæmdum að mestu lokið og þær stofnanir sem höfðu ákveðið að flytja í húsið fluttu inn.

Hlutverk Birtu

Hlutverk Birtu er að veita starfsendurhæfingu einstaklingum sem vegna veikinda, slysa og/eða félagslegra erfiðleika eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn. Þátttakendur eru einstaklingar sem eru með endurhæfingar- eða örorkulífeyri, atvinnuleysisbætur, fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi eða sjúkradagpeninga frá stéttarfélagi.

Einstaklingar geta verið í starfsendurhæfingu hjá Birtu í fjóra til átján mánuði sem dreifast á þrjár annir. Eftir útskrift geta þátttakendur verið í eftirfylgd hjá Birtu í allt að átján mánuði.

Markmið

Markmið Birtu eru eftirfarandi:

- Að endurhæfa þátttakendur til vinnu.
- Að auka lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna þeirra.
- Að þátttakandi verði virkur í samfélaginu að endurhæfingu lokinni, s.s. við vinnu, nám eða önnur verkefni.
- Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

Markmiðið er að veita heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda eins og kostur er hverju sinni. Áhersla er lögð á félagslega og sálræna endurhæfingu, heilsufarslega endurhæfingu og náms- og starfstengda endurhæfingu í samvinnu við stofnanir og þjónustuaðila á svæðinu. Þátttakandinn er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð endurhæfingaráætlunar.

Endurhæfingin er einstaklingsbundin og tekur mið af þörfum einstaklingsins. Eintaklingar hafa val um náms- eða starfstengda endurhæfingarleið. Birta býður upp á fjölbreytt námskeið á hverri önn sem ætlað er að styrkja og efla þátttakendur í því sem þeir kunna að taka sér fyrir hendur í framtíðinni.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn Birtu er kjörin á ársfundi og er skipuð fimm fulltrúum stofnfélaga og fimm til vara. Þrír stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára og tveir til eins árs. Á ársfundi 2010 voru María Kristjánsdóttir, Ásmundur Sverrir Pálsson og Már Guðnason kjörin til tveggja ára og Sigurlín Guðný Ingvarsdóttir og Magna F. Birnir til eins árs. Anna Margrét Magnúsdóttir kom inn sem varamaður í stað Maianne Brandson Nielsen. Þær breytingar urðu á stjórn Birtu starfsárið 2011-2012 að Magna F. Birnir hætti störfum á HNLFI á árinu 2012 og hætti þar með í stjórn. Anna Margrét Magnúsdóttir kom inn í stjórn Birtu í hennar stað.

- Formaður: María Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri í Hveragerði.

Varamaður: Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi.

- Ritari og varaformaður: Sigurlín Guðný Ingvarsdóttir, Festa lífeyrissjóður.

Varamaður: Þröstur Sigurðsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs Rangæinga.

- Meðstjórnandi: Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri Fræðslunets Suðurlands.

Varamaður: Örlygur Karlsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands.

- Meðstjórnandi: Már Guðnason, formaður verkalýðsfélags Suðurlands.

Varamaður: Bergsveinn Halldórsson, fulltrúi FOSS.

- Meðstjórnandi: Anna Margrét Magnúsdóttir, frá Árnesingadeildar Rauða Kross Íslands.

Haldnir voru tveir stjórnarfundir á starfsárinu, þann 27. febrúar og 8. nóvember. Helstu mál á dagskrá vorfundarins voru;

Húsnæðismál: Birta flutt í aðstöðu sem kemur til með að verða framtíðarhúsnæði starfseminnar. Tækifæri munu án efa skapast með samstarfi milli þeirra stofnana og aðila sem koma til með að vera með aðstöðu í húsinu. Aukin nálægð fyrir þátttakendur og starfsfólk að vera undir sama þaki.

Starfið á vorönn: Fjöldi þátttakenda, skipulag starfsins, fjöldi þátttakenda sem stundar nám, fjöldi þátttakenda í sálfræðiviðtölum, fjöldi í eftirfylgd.

Fjárhagsáætlun fyrir vorönn 2012 og árið 2012. Rætt hvort greiða eigi fyrirtækjum fyrir að taka þátttakendur í atvinnutengda endurhæfingu. Samþykkt að kaupa nýjan tölvubúnað. Önnur mál: Framlenging á þjónustusamningi við Velferðarráðuneytið. Ræddum ólíkar þarfir þátttakenda út frá því hversu mismunandi tilbúið fólk er í atvinnutengda endurhæfingu, einnig út frá aldri og kyni. Ræddum samstarfið við Virk og Sandra kynnti fyrir stjórn fyrirhugaðan starfsdag Starfsendurhæfingarstöðva þann 19. mars, þann fyrsta skipulagða.

Helstu mál á dagskrá haustfundarins voru;

Húsnæðismál: Framkvæmdir í fullum gangi og stýttist í að hægt verði að flytja skrifstofuna. Starfið á haustönn: Fjöldi þátttakenda, skipulag starfsins, fjöldi þátttakenda sem stundar nám, fjöldi þátttakenda í sálfræðiviðtölum, fjöldi í eftirfylgd.

Fjárhagsáætlun fyrir haustönn 2012.

Þjónustusamningur

Þjónustusamningur var undirritaður í desember 2009 á milli Birtu annars vegar og félags og tryggingarmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og menntamálaráðuneytis hins vegar.

Félagsmálaráðuneytið þáverandi sá um framkvæmd samnings þessa fyrir hönd ráðuneytanna. Samningurinn sem gildi til sex mánuða hljóðaði upp á tuttugu atvinnutengd endurhæfingarpláss á vorönn 2010. Hann var gerður að fyrirmynd samnings sem gerður var við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar á árinu 2008. Samningurinn var síðan framlengdur í ágúst fyrir haustönn 2010. Vonir stóðu til að fjöldi pláss myndi aukast og að á haustönn yrðu tveir tuttugu manna hópar í starfsendurhæfingu. Hjá þeim stöðvum sem stofnaðar voru á undan Birtu var venjan sú að samið var um tuttugu pláss í upphafi og síðan fjölgaði plássunum þangað til þau náðu að hámarki fimmtíu á þeim svæðum sem hafa flesta íbúa (Akureyri, Suðurnes, Hafnarfjörður). Nýr samningur hefur ekki verið gerður við starfsendurhæfingarstöðvar síðan. Samningunum hefur einungis verið framlengt í tvo til fjóra mánuði í senn. Þessi óvissa í samningamálum er mjög hamlandi fyrir alla þróun starfsins og hefur áhrif á starfsmannahald en starfsöryggi starfsmanna er ekkert. Þá hefur ekki verið hægt að semja um greiðslur vegna eftirfylgdar en eftirfylgd á að geta verið í allt að átján mánuði eftir útskrift en engar greiðslur koma til vegna hennar. Ráðgjafar Birtu hafa reynt að sinna eftirfylgdarhópnum eftir föngum en ljóst er að ef vel ætti að vera þyrfti að fylgja fjármagn með. Þá þarf einnig að skoða tímalengd endurhæfingarinnar en átján mánuðir eru ekki nógu langur tími fyrir marga. Á árinu 2012 voru samningamál ríkisins við starfsendurhæfingarstöðvar í mikilli óvissu. Í júní voru samþykkt lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu sem tóku gildi frá og með 1. október. Í lögunum er gert ráð fyrir að atvinnutengd starfsendurhæfing verði einn þáttur í heildstæðu kerfi endurhæfingar þar sem starfsendurhæfingarsjóðir og stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga starfi saman eins og kostur er. Allir hlutaðeigandi leitist jafnframt við að skilgreina og sinna hlutverkum sínum með þeim hætti að sem flestir eigi þess kost að vera virkir á vinnumarkaði. Í aðdraganda laganna ríkti mikil óvissa um framtíð starfsendurhæfingarstöðva þar sem ljóst var að ríkið myndi draga sig út úr samningum við starfsendurhæfingarstöðvar og fela Virk að semja við

stöðvarnar. Hafa forstöðumenn verið uggandi um stöðu ákveðinna hópa í samfélaginu sem þeir telja að falli utan við að eiga rétt á þjónustu hjá Virk. Í lok árs 2012 var ákveðið að Velferðarráðuneytið myndi áfram greiða fyrir einstaklinga sem höfðu hafið endurhæfingu og eða myndu hefja endurhæfingu í janúar 2013 enda höfðu þeir verið á biðlista. Þessi tilkynning kom seint í desember og frekar óvænt. Starfsendurhæfingarstöðvarnar höfðu verið í mikilli óvissu, ekki þorað að lofa plássum og vísað frekar á Virk. Sendur var inn listi til Velferðarráðuneytisins um áramótin og hafðist það í gegn að nýjir þátttakendur hófu starfsendurhæfingu í janúar 2013. Ljóst var að ríkið myndi einungis greiða út árið og að í lok þess þyrfti að semja um áframhaldandi endurhæfingu einstaklinganna við Virk. Skortur á samskiptum og upplýsingagjöf til Starfsendurhæfingarstöðva olli mikilli óvissu um áframhaldandi rekstur stöðvanna. Ársfundi 2012 var frestað um óákveðinn tíma hjá Starfsendurhæfingu Suðurlands ef til þess kæmi að leysa þyrfti starfseminu upp. Eðlilegra hefði verið að meira samstarf hefði verið milli ríkisins, Virk, sveitarfélaga, starfsendurhæfingarstöðva og annarra aðila sem koma eiga að atvinnutengdri starfsendurhæfingu skv. nýju lögunum í aðdraganda þeirra. Það hefði getað dregið úr óvissu og aðilar hefðu getað unnið saman að því að skipta með sér verkum.

Starfsfólk, endurmenntun og námskeið

Fastir starfsmenn Birtu voru þetta starfsár:

- Sandra Guðmundsdóttir, forstöðumaður í 100% starfshlutfalli.
- Elísabet Kristjánsdóttir, verkefnastjóri í 60% starfshlutfalli.
- Svala Sigurgeirsdóttir, skólaráðgjafi í 20 % starfshlutfalli frá febrúar – maí og 40% starfshlutfalli í september og október í gegnum vinnusamning við TR.

Endurmenntun og námskeið:

Sandra og Elísabet fóru á námskeiðið *Öflugt sjálfstraust og árangursrík markmiðasetning* hjá BHM í janúar. Sandra fór á Gottman námskeið í samskipta- og pararáðgjöf í júní og á ASEBA námskeið í október á Akureyri.

Samstarfsaðilar

Helstu samstarfsaðilar Birtu eru; Fræðslunet Suðurlands, Fjölbrautaskóli Suðurlands, ráðgjafar hjá félagsþjónustum sveitarfélaga, lækna á Heilsugæslustöðvum, ráðgjafar Virk á

Suðurlandi, starfsfólk Vinnumálastofnunar, VISS vinnu- og hæfingarstöð, ráðgjafar hjá Tryggingastofnun ríkisins, sálfræðingar og fleiri.

Sálfræðingar sem veittu þjónustu á árinu voru Sigrún Ása Þórðardóttir og Bryndís Einarsdóttir, sálfræðingar hjá Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, Sjöfn Ágústsdóttir, Anna Margrét Skúladóttir og Kristín Bragadóttir, allar með stofu á Selfossi á árinu.

Gott samstarf var einnig við Lifandi Hús sem tók á móti þátttakendum á líkamsræktarnámskeið og var með kynningar fyrir hópinn á ýmsum tegundum líkamsræktar.

Reglulega hafa verið haldnir samráðsfundir með Birtu, Virk, félagsþjónustu sveitarfélagsins Árborgar, Vinnumálastofnun og Viss með það að markmiði að stuðla að frekara samstarfi og samvinnu milli stofnana. Á vorönn 2012 voru málefni ungs fólks í brennidepli. Stærstur hluti þátttakenda hjá Birtu var ungt fólk, margir með neyslusögu og margir með litla sem enga starfsreynslu. Mikið af ungu fólki var á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna eða á atvinnuleysisbótum. Samstarfsaðilar ræddu möguleika á stofnun Fjölsmiðju á Suðurlandi til að bregðast við vandanum. Skipað var í undirbúningshóp sem í voru Ágústa Guðmarsdóttir frá Virk, Ragnheiður Hergeirsdóttir frá Vinnumálastofnun og Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir félagsmálastjóri í Árborg. Ekki var hægt að ráðast í slíkt verkefni á Suðurlandi að svo stöddu þar sem fjármagn skorti. Rauði Kross Íslands sem hafði verið stærsti aðilinn sem kom að fjármögnun annarra Fjölsmiðja á landinu hafði dregið sig út úr fjármögnun slíkra verkefna. Verkefnið dagaði því uppi.

Samstarf við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar

Haldinn var vorfundur starfsendurhæfingarstöðva í Hafnarfirði á vordögum 2012. Stöðvarnar kynntu starf sitt fyrir hver annarri. Skipt var í hópa og unnið með ákveðin umræðuefni.

Haustfundur starfsendurhæfingarstöðva var haldinn á Akureyri 18. og 19. október. Farið var í skoðunarferð til hjóna sem reka sælgætisgerð á Akureyri en þau voru áður þátttakendur í starfsendurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands. Síðan skoðuðum við handverksmiðstöðina Punktinn sem rekin er í Rósenborg/möguleikamiðstöð. Þar á eftir var Soffía Gísladóttir forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Akureyri og frumkvöðull í starfsendurhæfingarmálum á Íslandi með okkur og svo voru umræður um málefni tengd stjórnun og skipulagi starfsendurhæfingarstöðva. Á föstudeginum var fyrirlestur með Ingvari Þóroddssyni endurhæfingarlækni sem er formaður stjórnar Starfsendurhæfingar Norðurlands

og formaður stjórna starfsendurhæfingarstöðva. Þar á eftir kom Hafdís Kjartansdóttir sérfræðingur frá TR með góðan fyrirlestur um endurhæfingarlífeyri, umsóknir og ferlið þar um. Síðan kom Hulda Steingrímsdóttir ráðgjafi hjá Akureyrarbæ sem sér um AMS úrræðið og svo var kynning á ýmsum úrræðum sem Starfsendurhæfing Norðurlands býður upp á.

Þá voru á árinu haldnir nokkrir fundir og símafundir vegna stöðu samningamála. Farið var á einn fund í Velferðarráðuneytinu.

Starfið hjá Birtu á árinu 2012

Mikil aðsókn var í Birtu á vorönn. Ríkisplássin voru ríflega full og auk þess greiddi Virk fyrir nokkra þátttakendur á önninni. Töluvert var um brottfall alla önnina og voru nýjir þátttakendur einnig teknir inn eftir þörfum til að koma til móts við þarfir Virk um að einstaklingar komist að sem fyrst í endurhæfingu. Það mæddi því mikið á ráðgjöfum. Námskeið voru að mestu leyti kennd í gömlu kennarastofunni í Sandvíkurskóla og kunnu þátttakendur því vel. Framkvæmdir trufluðu ekki að ráði, einstaka sinnum voru tímar fluttir út í Iðu vegna hávaða. Áfram var boðið upp á fjölbreytt námskeið hjá Birtu og það jókst að keypt voru einstaklingsbundin úrræði fyrir þátttakendur.

Þátttakendur í starfsendurhæfingu

Á vorönn var mikil aðsókn að Birtu. Fjöldi tilvísana barst en ekki skiluðu allir sér inn í starfið eftir kynningarviðtal, þrátt fyrir að hafa sótt um. Mikið brottfall var jafnframt á önninni og því mikil hreyfing á þátttakendum. Teknir voru inn einstaklingar alla önnina í samstarfi við Virk, sem greiddi fyrir plássin. 35 einstaklingar voru skráðir í lok annarinnar, 20 karlar og 15 konur. Virk greiddi fyrir fjóra einstaklinga á önninni. 12 einstaklingar ýmist byrjuðu ekki aftur eftir haustönn, hættu á önninni eða mættu aldrei eftir að hafa sótt um. Einkennandi var fyrir hópinn hversu mikið af ungu fólki var vísað til Birtu sem annað hvort hafði neyslusögu eða litla sem enga reynslu á vinnumarkaðinum. Í töflu eitt má sjá yfirlit yfir fjölda þátttakenda á árinu 2012.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda eftir því á hvaða önn þeir voru, á vorönn og haustönn 2012

	Fjöldi	Konur	Karlar	Fjöldi	Konur	Karlar
Fyrsta önn	14	5	9	18	10	8
Önnur önn	20	13	7	3	1	2
Þriðja önn	9	2	7	11	8	3

Fjórða önn	3	1	2	3	2	1
Hættu	(-12)	(-6)	(-6)	4	0	4
Samtals:	46	21	25	39	21	18

Fjórtán einstaklingar hófu endurhæfingu á vorönn, fimm konur og níu karlar. Af þeim hættu sjö á önninni, þrír karlar og fjórar konur. Á annarri önn voru tuttugu einstaklingar, þrettán konur og sjö karlar, þrír hættu. Á þriðju önn voru níu þátttakendur, sjö karlar og tvær konur, tveir hættu. Á fjórðu önn voru þrír þátttakendur, tveir karlar og ein kona. Tólf einstaklingar hættu á önninni af margvíslegum ástæðum, t.d. vegna andlegra veikinda (7), neyslu (1), félagslegra erfiðleika (1), sinnuleysis (2) eða þau fengu vinnu (1).

Á haustönn byrjuðu samtals 35 þátttakendur. Einkennandi í upphafi starfs var hversu fáir héldu áfram af þeim sem höfðu byrjaði á vorönn. átján nýjir þátttakendur byrjuðu, tíu konur og átta karlar, en af þeim hættu tveir fljótlega. Á annarri önn byrjuðu þrír, tveir karlar og ein kona en karlarnir hættu fljótlega. Á þriðju önn voru ellefu þátttakendur, átta konur og þrír karlar. Á fjórðu önn voru tvær konur og á fimmtu önn einn karl.

Búseta þátttakenda

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir búsetu þátttakenda á vorönn og haustönn.

Tafla 2. Búseta þátttakenda á Suðurlandi

	Vorönn	Haustönn
Selfossi	31	24
Hveragerði	6	3
Ölfusi	1	0
Árnesþing	1	2
Rangárvallasýsla/Hvolsvöllur	2	2
Stokkseyri	3	2
Eyrarbakki	2	2
	46	35

Tilvísanir komu flestar frá félagsþjónustum sveitarfélaganna eins og áður.

Endurhæfingin

Endurhæfingin hjá Birtu skiptist í þrjá þætti; félags- og sálrænan þátt, heilsufarslegan þátt og náms- og starfstengdan þátt. Endurhæfingin er einstaklingsmiðuð en fer fram í hóp. Hver einstaklingur hefur sinn ráðgjafa sem heldur utan um endurhæfingarferli viðkomandi. Gerð er krafa um að einstaklingurinn sé virkur í endurhæfingunni á öllum stigum endurhæfingarinnar. Einstaklingarnir gera endurhæfingaráætlun í samvinnu með ráðgjafa á hverri önn og sumir oftast á þrjár annir og eina sumarönn. Starf Birtu er í stöðugri þróun og tekur mið af aðstæðum og þörfum þátttakenda á hverjum tíma. Á hverri önn eru í boði ýmist námskeið fyrir alla þátttakendur. Markmiðið er að vera með fjölbreytt námskeið sem eru uppbyggjandi, fræðandi og skemmtileg. Til viðbótar við skipulagt starf hefur Birta greitt fyrir þátttakendur, að fullu eða hluta; nám, námskeið og ýmsa endurhæfingu.

Námskeið í boði á vorönn

- **Áfram námskeið:** Eydís Katla Guðmundsdóttir, náms og starfsráðgjafi hjá Fræðsluneti Suðurlands kenndi námskeiðið *Áfram* sem búið var til fyrir Birtu af Fræðslunetinu. Námskeiðið var haldið í apríl og maí. Auk þess veitti hún þátttakendum náms- og starfsráðgjöf. Fræðslunetið skipulagði.
- **Heilsutengd fræðsla:** Elísabet Kristjánsdóttir, íþrótt- og heilsufræðingur kenndi heilsu- og lífsstílstengda fræðslu auk þess var hún með hreyfingu og aðhaldshóp. Elísabet fékk til sín gestafyrirlesarana Eygló Lindu Hallgrímsdóttur og Ragnhildi Sigurðardóttur frá Lifandi Hús á Selfossi til að vera með erindi og slökun. Ragnhildur er íþróttakennari, nuddari, nálastungumeðferðaraðili og nemandi í HAM námi við Endurmenntun HÍ. Ragna Björg Arnardóttir snyrtifræðingur kom með erindi um umhirðu húðar og fleira tengt snyrtimennsku.
- **Jákvæður janúar:** Hrefna Guðmundsdóttir félagssálfræðingur var með námskeiðið *Jákvæður janúar*, vinnustofu um jákvæða sálfræði og hamingjuna, í fjögur skipti í tvær kennslustundir í senn í janúar.
- **Sjálfsstyrking:** Kristinn Ágúst Friðfinnson, sóknarprestur í Selfosskirkju, var með sjálfsstyrkingartíma og fræðslu um bætta andlega líðan.
- **Fjármálanámskeið:** Ragnhildur B. Guðjónsdóttir, sagn- og viðskiptafræðingur var með fjármálanámskeið í apríl og maí.

- **Að eflast í starf:** Sandra Guðmundsdóttir, starfsmaður Birtu var með námskeiðið *Að eflast í starf*, kennt einu sinni í viku, fól í sér fyrirlestra og verkefni, heimsóknir í fyrirtæki og starfskynningar.
- **Bætt líðan og meiri virkni með HAM.** Sandra Guðmundsdóttir, starfsmaður Birtu var með HAM tíma til aðbæta líðan og auka virkni þátttakenda, kennt einu sinni í viku.
- **Sjálfsstyrking.** Anna Margrét Skúladóttir sálfræðingur var með námskeið í sjálfsstyrkingu.
- **Útiildun.** Guðríður Egilsdóttir matreiðslukennari var með námskeið í útiildun á sumarönn.
- **Framsögn, tjáning og framkoma.** Þóra Þórarinsdóttir kennar var með námskeið á sumarönn. Fræðslunetið skipulagði.

Fyrirlesarar

- Ragnhildur Sigurðardóttir, íþróttakennari, nuddari, nálastungumeðferðaraðili og nemandi í HAM námi við Endurmenntun HÍ, var með fyrirlestra og slökun í lífsstílstengdri fræðslu.

Hreyfing:

Boðið var upp á hreyfingu í Sportstöðinni. Haldnir voru fjörugir föstudagar þar sem þátttakendur fengu að kynnast ýmis konar hóptímum sem í boði eru á Selfossi. Nokkrir þátttakendur fóru á lokuð námskeið, aðallega lúxus námskeið fyrir konur hjá Lifandi hús þar sem í boði var fræðsla og aðhald ásamt hreyfingu, einnig í vatnsleikfimi og í sundkennslu. Boðið var upp á nokkra tíma í yoga.

Skapandi starf:

Dagný Magnúsdóttir, glerlistakona hjá Hendur í Höfn í Þorlákshöfn var með þátttakendur á glerlistarnámskeiði. Þátttakendur fóru í fjögur skipti í þrjá tíma í senn. Þátttakendum bauðst einnig að fara á námskeið hjá Fræðsluneti Suðurlands og fóru þrír á námskeiði í silfursmíði.

Námskeið í boði á haustönn

- Fjármálanámskeiðið Velgengni, leiðin til árangurs. Kennt í fjögur skipti, 2,5 tíma í senn. Kennari Sigurður Erlingsson.

- Lifðu lífinu léttari. Lífsstílsnámskeið. Kennari Elísabet Kristjánsdóttir, vikulegt námskeið alla önnina.
- Í fókus. Námskeið í markþjálfun – kennari Sigríður Jónsdóttir, ACG markþjálfari. Kennt einu sinni í viku í 10 vikur.
- Úr frestun í framkvæmd. Kennari Sigríður Jónsdóttir, ACG markþjálfari. Kennt einu sinni í viku í 3 vikur.
- Að öðlast öryggi í samskiptum, félagsfælninámskeið. Kennari Sandra Guðmundsdóttir. Kennt einu sinni í viku í 10 vikur.
- Að eflast í starf. Námskeið með tengingu við vinnumarkaðinn. Kennt einu sinni í viku í 10 vikur. Fræðslunetið skipulagði.
- Hópfundir vikulega. Sandra Guðmundsdóttir og Elísabet Kristjánsdóttir ráðgjafar Birtu.
- Námskeið í aðventukransagerð. Sesselja Íris Gunnarsdóttir og Þórey Eyþórsdóttir þátttakendur í Birtu miðluðu af þekkingu sinni og leiðbeindu við gerð aðventukransa.
- Gerð ferilskrár. Eydís Katla Guðmundsdóttir náms- og starfsráðgjafi hélt stutt námskeið fyrir þátttakendur um gerð ferilskrár.

Hreyfing:

Boðið var upp á hreyfingu í Sportstöðinni. Nokkrir þátttakendur fóru á lokuð námskeið, aðallega lúxus námskeið fyrir konur hjá Lifandi hús þar sem í boði var fræðsla og aðhald ásamt hreyfingu.

Skapandi starf:

Dagný Magnúsdóttir, glerlistakona hjá Hendur í Höfn í Þorlákshöfn var með þátttakendur á glerlistarnámskeiði. Þátttakendur fóru í fjögur skipti í þrjá tíma í senn. Þátttakendum bauðst einnig að fara á námskeið hjá Fræðsluneti Suðurlands og fór einn á námskeið í silfursmíði og tveir á lærðu að smíða.

Einstaklingsmiðuð endurhæfing á árinu 2012

Eftirtalin námskeið voru keypt fyrir einstaka þátttakendur á vorönn 2012:

Nám/námskeið hjá Fræðsluneti Suðurlands

- Silfursmíði (4)
- Nám og þjálfun (3)

- Opin smíðja – kvikmyndasmiðja (8)
- Stafrænar myndir (1)
- Word og excel (1)

Annað nám/námskeið

- Einkapjálfaranám, styrkur (1)
- Fjölbrautaskóli Suðurlands (7)

Eftirtalin námskeið voru keypt fyrir einstaka þátttakendur á haustönn 2012:

Nám/námskeið hjá Fræðsluneti Suðurlands

- Silfursmíði (1)
- Lærðu að smíða (2)
- Meðferð matvæla (1)
- Skref til sjálfshjálpar (2)
- Tölvur I (1)

Annað nám/námskeið

- Fjölbrautaskóli Suðurlands (7)
- Fjölbrautaskóli Ármúla (1)

Starfskynningar

Á vorönn fór einn þátttakandi í starfskynningu. Stofnun sem viðkomandi fór í var:

- Leikskólinn Æskukot á Stokkseyri

Á haustönn fóru fjórir þátttakendur í starfskynningar. Fyrirtæki og stofnanir sem einstaklingar fóru til voru:

- Byko
- Leikskólinn Æskukot á Stokkseyri
- Pósthúsi á Selfossi
- Garðyrkjustöð á Flúðum

Starfskynningar gengu almennt vel. Einum þátttakanda var boðið starf í framhaldinu, það var á Pósthúsinu.

Á árinu 2012 var farið í nokkrar vinnustaðaheimsóknir. Vel var tekið á móti hópnum og fannst þátttakendum gaman að fá að fara í heimsóknir í fyrirtæki. Fyrirtæki/stofnanir sem voru heimsótt voru:

- Guðnabakarí
- Jötunn vélar
- Húsasmiðjan
- Iða – íþróttahús FSU
- Grænamörkin
- Sambýlið Vallholti 9
- Þjónustmiðstöð Álftarima
- Vinaminni
- HSU
- MS
- VISS

Hópefli og tilbreyting

Ýmislegt var gert til tilbreytingar á árinu. Farið var út að borða saman. Haldinn var spiladagur. Árleg vorhátíð var haldin í Gesthúsum þar sem farið var í Birturace og síðan grillað saman. Á sumarönn var meiri útivera, námskeið í framsögn og tjáningu, útiöldun og sjálfsstyrking. Á haustönn var einn þátttakandi með námskeið í aðventukransagerð.

Útskrift

Fimmtán manns útskrifuðust á vorönn. Fjórir fengu viðurkenningar og verðlaun fyrir góðan árangur. Samstarfsaðilum var boðið á útskriftina sem var sú fjölmennasta hingað til hjá Birtu. Útskriftin var haldin á gömlu kennarastofunni í Sandvíkurskóla og var boðið upp á snittur.

Á haustönn útskrifuðust tólf manns. Sesselja Íris Gunnarsdóttir úr útskriftarhópnum sá um veitingar, sem voru afar glæsilegar. Þrír fengu viðurkenningar og verðlaun fyrir góðan árangur. Útskriftin var haldin í Iðu þar sem framkvæmdir voru á fullu í Sandvíkurskóla.

Mat á árangri og söfnun tölulegra upplýsinga

Þegar einstaklingur hefur endurhæfingu eru lagðir fyrir hann skimunarlistar, svokölluð *Skimun I og II* og *Grunnmat* til þess að fá fram ýmsar upplýsingar um stöðu einstaklingsins og aðstoða við markmiðasetningu. Þá er lagður fyrir þátttakendur listi sem kallast *Heilsutengd lífsgæði* í upphafi og lok annar til þess að mæla breytingar á líðan og heilsu á meðan á endurhæfingu stendur. Í þjónustusamningnum er gerð krafa um að árangur sé mældur og upplýsingum safnað. Til þess eru m.a. ofangreindir listar notaðir. Þá tekur forstöðumaður saman ýmsar tölulegar upplýsingar eins og aldur, kyn, tilvísunaraðila, búsetu og ástæðu fjarveru frá vinnumarkaði. Þar sem starfsemin er enn í mótun munu hugsanlega fleiri aðferðir verða teknar upp. Það sem enn skortir á er utanumhald um upplýsingar en starfsendurhæfingarstöðvar hafa ekki, enn sem komið er, tölvuforrit til að halda utan um upplýsingar um þátttakendur. Þreifingar voru í gangi við Virk um að fá aðgang að tölvukerfinu þeirra en af því hefur enn ekki orðið, haldinn var einn fundur vegna þess haldinn hjá Virk.

Lokaorð

Starfsemi Birtu hélt áfram að vaxa á árinu 2012. Mikil aðsókn var í þjónustuna á vorönn 2012 og eins um haustið, þó hún væri ekki eins mikil og um vorið. Ráðgjafar Birtu kenndu sjálfar mikið á námskeiðum og var mikið álag á starfsfólki þetta árið. Framundan voru flutningar í nýtt húsnæði og lögðu ráðgjafar mikið á sig til að hægt yrði að kaupa húsnæði og búnað á nýjar skrifstofur. Starfsemin flutti í janúar í Sandvíkurskóla á Selfossi. Þar voru fyrir náms- og starfsráðgjafar Fræðslunets Suðurlands í gömlu kennararskrifstofunni. Ekki leið á löngu þar til nálægð við þær var farin að skila sér í góðri samvinnu milli þeirra og ráðgjafa Birtu. Í nóvember flutti starfsemin innan húss vegna framkvæmda á þeim hluta hússins sem Birta hafði verið í. Í lok desember flutti starfsemin síðan í nýjar skrifstofur á neðri hæð hússins. Á þeim gangi er einnig Fræðslunet Suðurlands og réttindagæslumaður fatlaðra. Nálægðin við Fræðslunetið hefur skilað enn meira og betra samstarfi milli stofnananna. Nýtt húsnæði skilar sér ekki eingöngu í betri skrifstofuaðstöðu fyrir starfsfólk, sem hingað til hafði deilt einni skrifstofu en fengu nú sitthvora, heldur einnig í betri aðstöðu fyrir þátttakendur og meiri nálægð við ráðgjafa. Árið 2012 var nokkuð gott í starfsemi Birtu, fyrir utan mikla óvissu um framtíð stöðvarinnar vegna óvissu um fjármögnun. Óþægilegt er fyrir starfsmenn að starfa til lengri tíma í svo óöruggu starfsumhverfi og óneitanlega tekur það óþarfa orku frá starfsfólkinu að standa í baráttu fyrir starfseminni sem ella hefði getað skilað sér í starfið. En í

lok árs 2012 er starfsemin enn starfandi og þau skilaboð komin frá Virk starfsendurhæfingarsjóði að ekki standi til að leggja niður starfsendurhæfingarstöðvarnar heldur muni Virk tryggja tilvist þeirra og kaupa úrræði, hvernig átti eftir að skýrast betur á árinu 2013.

Selfossi, október 2013

Sandra Guðmundsdóttir,
Forstöðumaður Birtu.